

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2023

frá 17. mars 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/750 frá 8. febrúar 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205 að því er varðar umbreytingu yfir í nýjar viðmiðanir sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/314 frá 25. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 að því er varðar daginn þegar tilteknar verklagsreglur um áhættustýringu koma til framkvæmda að því er varðar skipti á tryggingum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/315 frá 25. október 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tilteknar gerðir samninga ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 43, 13.2.2023, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 43, 13.2.2023, bls. 4.

„– **32022 R 0750**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/750 frá 8. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 138, 17.5.2022, bls. 6).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205), lið 31bcq (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592) og lið 31bcr (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178):

„– **32022 R 0315**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/315 frá 25. október 2022 (Stjtið. ESB L 43, 13.2.2023, bls. 4).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcs (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251):

„– **32022 R 0314**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/314 frá 25. október 2022 (Stjtið. ESB L 43, 13.2.2023, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2022/750, (ESB) 2023/314 og (ESB) 2023/315, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.